

leifssonar, og þar sem sökin á hendur honum er byggð á þessari fresttöku hans einni, verður að sýkna hann af kærnum og kröfum stefnda Guðmundar Gíslasonar og að breyta hinum áfryjaða dómi að því leyti. Að því leyti sem áfryjandinn hefir krafist þess, að dómarnir, er um málið hafa fjallað fyrir gestaréttinum, verði látnir sæta ábyrgð fyrir meðferð málsins þar, skal það tekið fram, að það verður eigi séð af málinu, að framkoma þeirra eða málsmeðferð hafi í nokkru tilliti verið svo, að þeim verði gjörð ábyrgð fyrir. Málskostnaður í báðum dómum virðist mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfryjandinn Einar M. Jónasson málaflutningsmaður á að vera sýkn af kærnum og kröfum stefnda Guðmundar Gíslasonar trésmiðs. Málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður.

Mánudaginn 30. maí.

Nr. 26/1910:

Réttvísni
gegn
Birni Halldórssyni.

Úrskurður:

Áður en dómur er lagður á mál þetta, þykir nauð-

synlegt að fengnar verði ítarlegar skýrslur um þau atriði, er nú skal greina:

1. Hvernig tröppunum úr húsinu, þar sem brotið var framið, er háttað, hve háar þær eru og hve langt þeir ákærði stóðu frá efri brún þeirra, er ákærði laust Jón heitinn höggi því, er hann er dæmdur fyrir.
2. Hve stórt anddyrið var og hvernig lagað, og hvernig þeir stóðu, ákærði, Jón heitinn og Jens, er Jón fekk höggið.
3. Hvað Jón heitinn muni hafa getað átt við með um-mælunum um, »að það væri Jens, er drægi máttinn úr«.
4. Hvernig plássið var fyrir neðan tröppurnar, þar sem Jón kom niður, hvort það var slétt eða óslétt, grýtt eða ógrýtt, og hvort jörð var frosin eða eigi.
5. Hvernig ákærði greiddi Jóni höggið, hvort það var með hnefahöggi eða hnefaskoti, eða hvernig hann beitti sér.
6. Hvaða tilraunir hafi verið gjörðar til að varðveita líf Jóns eftir höggið og hvenær lækni kom að.
7. Hvort eigi hafi fram farið nákvæmari rannsókn á líkinu en vottorð það frá lækni ber með sér, sem ritað er í prófsgjörðirnar.
8. Hvernig ákærði er að burðum, hvort hann er afmiki-ill eða eigi.
9. Hvort ákærði var drukkin að mun við þetta tækifæri og hvernig hegðun hans og framkoma hefir verið yfirleitt, sérstaklega við vín.
10. Loks ber að útvega þær aðrar skýrslur, er prófin um framangreind atriði kunna að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Rannsóknardómaranum ber að útvega skýrslur um ofanefnd atriði svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 6. júní.

Nr. 19/1910:

Valdstjórnin
gegn
A. Kvernberg.

Dómur:

Mál þetta var höfðað fyrir lögreglurétti Akureyrar-kaupstaðar gegn hinum kærða A. Kvernberg skipstjóra á norsku sildveiðaskipi, mótorkutter »Brödrene« frá Aalesund, fyrir brot gegn tilsk. 12. febrúar 1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland, sbr. lög nr. 10, 31. júlí 1907, og var það dæmt af nefndum rétti 9. ágúst f. ár á þá leið, að kærði var sýknaður fyrir kæru valdstjórnarinnar, en var gjört að greiða allan löglegan kostnað sakarinnar. Dómi þessum hefir stjórnarráðið skotið til yfirdómsins af hálfu valdstjórnarinnar.

Hinn 27. júlí f. ár tók varðskipið Íslands Falk nefndan mótorkutter »Brödrene« fyrir utan Almenningsnöf, 2 fjórðungsmilur fyrir innan landhelgismörk, og var þá sild á þilfari skipsins; eftir skýrslu yfirmannsins á varðskipinu á skipstjórninn, hinn kærði, þá að hafa kannast við það, að hann hafi veitt sild á landhelgissvæðinu fyrri hluta dags þessa framundir kl. 11 árdegis með 2 bátum (Joller),